



## Stjórn Félags pípulagningameistara 2016-2017



Stjórn FP starfsárið 2016-2017. Talið frá vinstri: Trausti Guðjónsson, gjaldkeri. Heimir Guðmundsson, meðstjórnandi. Benedikt Sverrisson, ritari. Guðmundur Páll Ólafsson, formaður. Guðmundur H. Jóhannesson, varamaður. Böðvar Ingi Guðbjartsson, varaformaður.

## Framkvæmdahrina komin á fullt

Fréttapíp leitaði til Guðmundar Páls, formanns Félags pípulagningameistara, til að fara yfir helstu mál sem brenna á stjórnarmönnun um þessar mundir þegar mikil framkvæmdahrina er skollin á. Bar þar margt á góma og er hér á eftir farið yfir það helsta.

## Leppun í greininni á undanhaldi

Mikil vinna hefur verið lögð í það að koma í veg fyrir leppun í pípulagnagreininni. Að sögn Guðmundar Páls hefur staðan gagnvart leppun sjaldan eða aldrei verið betri en um þessar mundir. Sérstaklega batnaði staðan eftir að krafan um Gæðakerfi

iðnmeistara kom fram. Menn gera sér betur grein fyrir ábyrgð sinni og vinnan á bak við það að skrifa upp á verk fyrir annan er orðin það mikil að meistarinn er síður að leggja í þá vinnu.

## Kærumál vegna brota á löggildinu

Þá var vikið að kærumálum vegna aðila sem brjóta lög með því að vinna við fagið án löggildingar. Guðmundur Páll segir, að það, að kæra aðila til lögreglunar vegna löggildingarbrota sé bæði tímafrekt og mjög seinvirkt. Það er vissulega fær leið og

– Sjá frambald greinarinnar á bls. 2

## Sænskir píparar í heimsókn



Fyrir skömmu var fríðleiksbópur Sænskra pípara í heimsókn hér á landi. Greiddi stjórn Félags pípulagningameistara m.a. götu þeirra í nokkrum tilvikum. Meðal annars var farið í skoðunarferð í Reykjanesvirkjun og í Pípueld Tækniskólans. Hópurinn vildi líka kynna sér rekstur íslensks pípulagningameistara. Varð að ráði að fara með bópinum í kynnisferð til Sigurðar Óla Sumarliðasonar hjá S.Ó.S. Lögnum ehf. Myndin hér að ofan er af bópinum. Lengst til hægri er Benedikt Sverrisson, ritari Félags pípulagningameistara og þriðji frá hægri er Sigurðar Óli Sumarliðason, eigandi S.Ó.S. Lagna ehf.

## Frá Aðalfundi FP í Stykkishólmi 2016

– sjá bls. 3 & 3



## Morgunkaffi og með því alla föstudaga

Við bjóðum alla fagmenn velkomna í rjúkandi heitt kaffi, gómsætt meðlæti og létt spjall við sölumenn okkar.

## Alla föstudaga í eftirtöldum verslunum:

kl. 8:30-10:00 í Húsasmiðjunni Skútuvogi (málarar og píparar) Grafarholti & Hafnarfirði.

kl. 9:00-10:30 í Húsasmiðjunni Selfossi, Borgarnesi, Vestmannaeyjum Akureyri.





# Framkvæmdahrina komin á fullt

– Frambald greinar af forsíðu

meira að segja dómafordæmi fyrir því. En eins og áður segir fylgir því mikill kostnaður og tekur langan tíma.

Þau mál, þessu tengt, sem FP er með í gangi núna eru rekin í gegnum Neytendastofu, en forráðamenn þar á bæ hafa tekið vel á móti okkur og fagnað samstarfinu. Neytendastofa hefur sterk lög um neytendavernd sem hún beytir af hörku og með vel sýnilegum árangri.

## Úttektirnar þurfa að fylgja reglum

Félag pípulagningameistara vill hvetja alla Byggingarfulltrúa landsins til standa með félagsmönnum FP að því að fara í einu og öllu eftir þeim reglum sem Byggingarreglugerðin kveður á um. Þar á meðal varðandi úttektir. Við úttekt ber að kalla til viðkomandi iðnmeistara fyrir hverja úttekt, nema skriflegt samkomulag liggja fyrir við Byggingarstjóra eða fulltrúa iðnmeistarans. Það er afar mikilvægt fyrir alla þá sem starfa við mannvirkjagerð, og ekki síst fyrir viðskiptavinum þeirra, að viðhöfð séu fagleg vinnubrögð á öllum stigum verksins.

## Skortur á pípulagningamönnum

Allar iðgreinarnar finna rækilega fyrir því að hægt gengur að fá til baka þá sem fóru erlendis í hruninu. Laun hérlendis hafa að vísu hækkað, en það er ekki nóg, meira þarf til. Það þarf líka að breyta iðnaðarsamfélaginu hérlendis, hleypa að nýjum viðhorfum og hugsunarhætti. Menn geti klárað sinn vinnudag á mannsæmandi tíma. Menn komist heim til sín og geti átt tíma með fjölskyldunni sinni. Þurfi ekki að sinna allskonar aukavinnu til að hífa upp launin.

En allt spilar þetta saman. Ef fyrirtæki gætu hækkað útselda vinnu sína, tilboð og einingarverð, þá gæti niðurstaðan orðið önnur og betri. Þess í stað eru mörg fyrirtæki að keppa við lægri boð á markaði frá mönnum sem „þurfa ekki meira fyrir sig.“ Þetta þurfa menn að hafa í huga. Kannski er einmitt góður tími núna, við þessar aðstæður á markaðinum, að huga betur að verðlagningu við tilboðsgerðina.

## Framkvæmdahrina skollin á

Aðspurður um þann mikla atgang sem nú er skollin á á byggingamarkaðinum og virðist komin til vera næstu árin, segir Guðmundur meðal annars: Ég held að öll fagfélögin hefðu viljað sjá markaðinn hægja verulega á sér eftir að allt var komið svona á fulla ferð. Það er mikilvægt að hægja á svo góður mannskapur ráði við þau verk sem nú þegar eru komin í gang og önnur sem eru framundan á næstu misserum.

Staðan er að miklu leiti þannig í dag, að stóru verkin eru ekki rekin af iðnmeisturum. Heldur eru þar á ferðinni fjárfestar sem fyrst og fremst eru að horfa til minni tilkostnaðar og meiri hagnaðar, sem oftast kemur niður á gæðum vinnunar.

Það má margt segja um marga iðnmeistara frá því fyrir hrun. Það var ekki alltaf vandað nóg til verka á ýmsum stöðum. Við höfum ekki farið varhluta af því á undanförunum árum.

En ég trúi því að flestir iðnmeistarar hafi lært af hruninu. Ég trúi því að flestir iðnmeistarar séu ekki tilbúnir að gefa þann afslátt af vinnu og eða efnisgæðum sem þá var stundum gert. Ég finn greinilega hugarfarsbreytingu hvað þetta varðar meðal iðnmeistara í faggreinum byggingariðnaðarins.

# Söguleg tímamót hjá Félagi pípulagningameistara þegar fyrsta konan gengur í félagið



Söguleg tímamót urðu hjá Félagi pípulagningameistara á dögunum, þegar fyrsta konan gekk í raðir félagsmanna og þótti víst mörgum tími til kominn.

Konan sem um ræðir er Svanbjörg Vilbergsdóttir, löggiltur pípulagningameistari og eigandi fyrirtækisins Lagnafóðrunar ehf. Svanbjörg lærði pípulagnir hjá JB pípulögnum og útskrifaðist sem stúdent og sveinn frá Iðnskólanum í Hafnarfirði árið 2011. Svanbjörg sló ekki slöku við heldur lagði leið sína í Meistaraskóla Tækniskólans og útskrifaðist þaðan sem pípulagningameistari árið 2013. Svanbjörg hlaut svo löggildingu sem pípulagningameistari árið 2015.

Félagsmenn í Félagi pípulagningameistara bjóða Svanbjörgu hjartanlega velkomna í félagið og vænta þess að Svanbjörg verði öðrum konum fyrirmynd og hvetji þær til dáða.



**LAGNALAGERINN ER EINGÖNGU FYRIR FAGMENN!**



**aquatherm**  
TRAUST VÖRUMERKI  
Í PP-R LAGNAEFNI

**LAGNA LAGERINN**

Lagnalagerinn ehf. · Fosshálsi 27 · 110 Reykjavík  
S: 567 7000 · lagnalagerinn@lagnalagerinn.is





Um fimmtíu félagsmenn mættu á Aðalfundinn í Stykkishólmi.

## Aðalfundur Félags pípu­lagninga­meistara 2016 í Stykkishólmi

Aðalfundur Félags pípu­lagningameistara var haldinn 30. apríl 2016 kl. 14:00 á Hótel Stykkishólmi. Þangað voru um 50 félagsmenn mættir, ásamt mökum sínum.

Í byrjun fundar var fundastjóri kjörinn Óskar Friðbjörnsson og stjórnaði hann fundinum af allkunni röggsemi.

Guðmundur Páll Ólafsson kom í ræðustól og las upp skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár. Í máli Guðmundar kom fram að stjórnin hélt 9 fundi á árinu og einnig nokkra óformlega vinnufundi af ýmsu tagi. Haldnir voru tveir félagsfundir á árinu. Fyrri fundurinn var hefðbundinn Jólafundur félagsins, en sá seinni var haldinn í sal félagsins að Borgartúni 30. Þangað flutti félagið starfsemi sína eins og fram kom í síðasta fréttabréfi.

Þá fjölgaði töluvert í félaginu á liðnu starfsári. Meðal annars urðu söguleg tímamót hjá Félagi pípu­lagningameistara þegar fyrsta konan, Svanbjörg Vilbergsdóttir, gekk í félagið (sjá umfjöllun hér til vinstri). Alls gengu 8 pípu­lagnameistarar til liðs við félagið á síðasta starfsári. Þessir nýju félagar eru, auk Svanbjargar: Einar Pálsson, Hilmir B. Auðunsson, Jón Bjarki Halldórsson, Magnús Björn Bragason, Sigurður Guðni Björnsson, Kári Grétarsson og Magnús Þór Guðmundsson. Eru þeir boðnir sérstaklega velkomnir í félagið. Trausti Guðjónsson, gjaldkeri FP kom í pontu og fór yfir endurskoðaða skýrslu félagsins fyrir síðasta starfsár. Trausti fór einnig yfir stöðu Styrktarsjóðs. Síðan héldu hefðbundin Aðalfundarstörf áfram.

Þá var gengið til kosninga í stjórn og nefndir. Guðmundur Páll bauð sig aftur fram til formanns og var hann kosinn einróma. Þessu næst var gengið til stjórnarkjörs og kosid í nefndir. Stjórn félagsins er óbreytt frá síðasta starfsári. Á myndunum hér að neðan eru fundarmenn á spjalli í fundarhléi.



## Pípu­lagningameistar heiðraðir

Löng hefð er fyrir því hjá Félagi pípu­lagningameistara að þeir félagsmenn sem verða fimmtugir á árinu eru heiðraðir með því að afhenda þeim fána félagsins (sjá meðfylgjandi mynd) með ásettri plötu þar sem nafn viðkomandi er greipt í. Á síðasta Aðalfundi í Stykkishólmi voru þrjú félagsmenn FP heiðraðir, en þeir eru: Heimir Guðmundsson, Trausti Guðjónsson og Stefán Sveinsson. Við óskum þeim hjartanlega til hamingju.



Guðmundur Páll, formaður FP.



Óskar Friðbjörnsson var fundarstjóri.




Trausti Guðjónsson, gjaldkeri FP.



Böðvar Ingi, varafor­maður FP.

## piparinn.is – Allir félags­menn FP á einum stað



www.piparinn.is er öflug heimasíða Félags pípu­lagningameistara. Þar má finna ýmsar upplýsingar um þá þjónustu sem félagsmenn FP og fyrirtæki þeirra veita.

Þar er einnig að finna nöfn, símanúmer og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um félagsmenn og má þannig ná beinu sambandi við löggilta pípu­lagningameistara, sem eru reiðubúin til þjónustu. Á piparinn.is er einnig að finna nöfn og símanúmer allra stjórnarmanna félagsins og einnig hverjir skipa helstu nefndir. Þar er einnig hægt að kynna sér lög félagsins.

Á piparinn.is eru líka ýmiskonar upplýsingar og fræðslufni um hvað eina er snertir pípu­lagningu. Þar eru m.a. Spurningar og svör; þar sem svarað er ýmsum algengum spurningum varðandi pípu­lagningu. Full ástæða er til að hvetja neytendur til að skipta eingöngu við löggilta pípu­lagningameistara varðandi alla lagnavinnu.



Margra ára reynsla hefur mikið að segja.

Við svörum öllum ykkar spurningunum. Hafðu samband! lagnadeild@byko.is, sími 515-4040.

HITABLÁSARAR MED STERKT ELEMENT ÚR STÁLI SEM ÞOLIR HITAVEITUVATN.

SABIANA Helios hitablásarar, 7-40 kW. | Vnr. 29500913-25





# Tryggjum meistarafagmennsku og löggildingu í byggingariðnaði



**STOFNLAGNIR**  
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA

StofnlagNir ehf. - Viðarriima 19 - 112 Reykjavík  
GSM. 660 0499 - WC@islandia.is



Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari  
GSM 856 5525



**pípulagnir ehf.**

Maltakur 3A - 210 Garðabær  
GSM. 898 0851 - groakors@simnet.is



**Meistaralagnir ehf**

Pípulagnir S: 893 9110  
Bæjarflöt 8a - 112 Reykjavík  
GSM: 893 9110 - lisamaria@btnet.is



**Benni pípari ehf**  
Pípulagningaverktaki

Bolafæti 9 - 260 Reykjanæsbæ  
GSM 842 6000 - bennipip@simnet.is



**Bragi Benediktsson ehf.**

pípulagnir

Bragi Benediktsson ehf. - Akurhvarf 6 - 203 Kópavogur  
GSM 660 3863 - bbpipur@gmail.com



**Lagnalist ehf.**

Skógarási 6 - 110 Reykjavík - GSM. 898 0517  
lagnalist@gmail.com



**RENNSLI ehf.**

pípulagnir • sími 696 8054

Holtsbúð 52 - 210 Garðabær  
GSM: 696 8054 - rennsli@simnet.is



**SNITTVELIN ehf.**

Brekkuhöð 3 - 220 Hafnarfirði  
GSM 892 3639 - snittvelin@simnet.is



**HSH VERKTAKAR ehf.**

Sunnuhlíð 12 - 603 Akureyri  
GSM: 896 3257 - hallihelga@simnet.is



**BERGPÓR BJARNASON**  
PÍPULAGNINGAMEISTARI

**PÍPULAGNIR ehf.**

Dalatangi 10 - 270 Mosfellsbær  
GSM: 893 1404 - pipo@simnet.is



Brúnastöðum 21 - 112 Reykjavík  
GSM 690 5797  
sighthors@internet.is

**vatnsvit**



**Hilmir B ehf**  
LÖGGILTUR PÍPULAGNINGAMEISTARI

820-3722  
hilmirb@simnet.is

Brekkuhraut 14- 300 Akranesi



**Aðallagnir**

PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA

Tungusel 4 - 109 Reykjavík  
Sími 519 5757 - adallagnir@adallagnir.is



**PRESS LAGNIR EHF**

PresslagNir ehf.  
Funafold 29 - 112 Reykjavík  
GSM 898 5112 - presslagNir@simnet.is



**RÖRLEGGJARINN ehf.**

Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík  
GSM 820 9396 - rorleggjarrinn@gmail.com



Pípulagningaþjónusta **RÓ ehf.**

Bleikargróf 15  
108 Reykjavík - ropipulagnir@yahoo.com  
GSM: 868 6010 & 780 3939



**NESLAGNIR ehf**

Pípulagnaþjónusta

Bergási 12 - 260 Reykjanæsbæ  
GSM: 698 6309 - neslagNir@internet.is



Fluguvöllum 52 - 230 Reykjanæsbæ  
Sími 420 0300  
www.osn.is - osn@osn.is

**O.S.N. EHF**



**LAGNAVIRKI EHF.**

Strandgata 73b - 220 Hafnarfjörður  
GSM 896 2017 - villipipari@simnet.is



**TOPPLAGNIR**

Topplagnir ehf. - Gvendargeisli 68 - 113 Reykjavík  
GSM.698 8412 - topplagnir@internet.is



Pípulagnir Sigurðar  
**PÍPULAGNIR SIGURÐAR ehf.**

Sólvöllum 6 - 700 Egilsstöðum  
GSM: 618 4790 - siggalagnir@gmail.com



**LAGNAVIRKJUN ehf.**

LÖGGILTUR PÍPULAGNINGAMEISTARI

Bæjargil 63 - 210 Garðabær  
GSM: 847 7128 - lagnavirkjun@internet.is



**SP pípulagnir ehf.**


Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585  
Sigurdur.pipari@gmail.com



**FLÆÐI**  
Pípulagnir ehf.

MAGNÚS A. MAGNÚSSON  
PÍPULAGNINGAMEISTARI

Flæði pípulagnir ehf.  
Svæði - 620 Dalvík  
466 1401 / 898 5524  
maggisvaedi@simnet.is



**LAGNAFÓÐRUN**

Lagnafóðrun ehf.  
Svanbjörg Vilbergsdóttir  
löggiltur pípulagningameistari

**Sími 578 8440**

svanbjorg@lagnafodrun.is  
www.lagnafodrun.is



Þar sem tvær lag  
þar ætti að vera þrjú

Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingi og kostnaðarhagkvæmni fólgin í að hafa aðgang að lögnum uta- og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunna til fráveitulagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörulinnunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi þörfum. Brunnamir eru fánlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 800 mm. Hægt er að fá upphækkningar á alla brunna.

Fást í byggingavöruslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu.

SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími 460 5000 • sales.europe@saeplast.is



# Tryggjum meistarafagmennsku og löggildingu í byggingariðnaði

## MIÐSTÖÐIN

Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.  
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar  
Sími 481 1475 - midstodin@midstodin.is



SHV Pípulagnir ehf.  
Funafold 54 - 112 Reykjavík  
Sími: 587 8715  
GSM: 821 1040  
shv.pipulagnir@internet.is

## Tröllalagnir ehf.

Jón Auðunn Sigurjónsson  
pípulagningameistari  
Auðnukór 3 - 203 Kópavogur  
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

## GGLAGNIR ehf

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA  
stofnað 1988

Dugguvogi 1b - 104 Reykjavík - Sími 517 8870  
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is



AH pípulagnir ehf.  
Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ  
Sími 555 7012 - GSM. 822 7100  
andres@pipulagnir.is



## S.O.S. lagnir ehf.

S.Ó.S. lagnir ehf.  
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík  
GSM 693 9000 - sos@soslagnir.is

Pípulagnir  
**Elvars G Kristinssonar** ehf.  
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík  
GSM. 892 9421 - ellipip@simnet.is



Húsalagnir ehf.  
Pípulagningaráþjónusta  
Gylfafiöt 20 - 112 Reykjavík  
GSM 893 3632  
husalagnir@simnet.is



- Skarðsbraut 2  
- 300 Akranes  
- GSM: 897 8002  
- pklagnir@simnet.is



Gagnagrunnur - Þekking - Saga



Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn  
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291  
kromoghvitt@simnet.is



Fagmennska - Færni - Frumkvæði



## Tíma- og verkskráningarkerfi

- >> Einfalt í notkun - sparar tíma
- >> Lægri rekstrarkostnaður - aukin yfirsýn
- >> Tenging við launa- og verkbókhaldskerfi



Hringdu í síma 5 100 600 eða sendu okkur póst á  
timon@trackwell.is og fáðu tilboð í þinn rekstur.

TrackWell

# Tímon



## nir koma saman unnur

ggingar enda er mikið  
nhúss vegna eftirlits

di notkunarkröfum.  
og 1000 mm.

u á brunnum.

plast.com • www.saeplast.com



**saeplast**  
HLUTI AF RPC GROUP

© Saeplast er skrásett vörumerki í eigu RPC GROUP

## Við bjóðum upp á nýja lausn

Erum með sérhannaða vél  
sem býr til rásir í flest öll steingólf  
á mjög stuttum tíma.  
Gólfhitinn er síðan lagður í raufarnar  
þannig að ekki þarf að hækka gólfið  
frá því sem áður var.

- Lágmarks rask og ryk • Styttri verktími • Losnar við ofna og færð aukið pláss
- Ekki þarf að hækka gólf og saga neðan af innihurðum • Jafnari hiti & hitadreifing

# GÓLFHITA

# LAGNIR EHF

Sími 571 3700

www.golfhitalagnir.is • golfhitalagnir@golfhitalagnir.is





# Mikil ásókn í nám í pípulögnum

## – 56 nemendur við nám í vetur

Mikil aðsókn er í iðnnám almennt og í fyrsta skipti í sögu Tækniskólans varð að vísa nemendum frá þar sem búið var að fylla í allar stöður, kvótinn fullur. Þetta er staða sem hentar skólanum mjög vel og eru nokkuð margar nemendur á biðlista. Mikild átak hefur átt sér stað í kynningu á skólanum og reglulega hafa nemendur grunnskóla komið í kynningu í Tækniskólann. Einnig hafa margar námsráðgjafar sýnt skólanum mikinn áhuga þar

sem nemendur geta haft meira val í námi. Samkvæmt þróun og skilgreiningu á íbúafjölgun næstu 10 árin, má gera ráð fyrir að skólinn þurfi árlega að útskrifa 30 sveina í pípulögnum. Það er 300 sveina endurnýjun á næstu 10 árum. Í dag er staðan þannig að skólinn er að útskrifa u.þ.b. 15 sveina á ári. Allar horfur eru á að nú sé þetta að breytast til batnaðar, miðað við aðsóknina í skólann þetta haustið. Í pípuðeild Tækniskólans hefur verið mikil

aðsókn í námið enda gríðarlega væntum á pípulagningamönnum eins og í öðrum iðngreinum. Núna eru 56 nemendur við ná í deildinni. Þar af eru 26 á gömlu brautinni TH-PL, sem tilheyrði Iðnskólanum í Hafnarfirði og 30 á nýju TH-PL13 brautinni við Tækniskólann. Þá er fjöldi nemenda á fyrsta ári í grunnnámi. Starfsnám í bygginga- & mannvirkjagerð er skipulagt með þeim hætti að nemendur innritast fyrst í sameiginlegt einnar annar

## Félag pípulagningameistara sendir keppanda á World Skills í Svíþjóð

Félag pípulagningameistara tekur þátt í World Skills Heimsmeistarakeppninni sem haldin er í Svíþjóð, nánar tiltekið í Gautaborg, í desember n.k. Reynir Óskarsson, ríkjandi Íslandsmeistari í pípulögnum, verður fulltrúi Íslands í keppninni.

Honum til halds og trausts verður Böðvar Ingi Guðbjartsson, pípulagningameistari. Böðvar Ingi mun innan skamms hefja þjálfun Reynis fyrir keppnina. Þegar í keppnina er komið mun Böðvar Ingi taka þátt dómgæslu keppinnar.

Þess má jafnframt geta að Böðvar Ingi Guðbjartsson er varaformaður Félags pípulagningameistara og einnig kennari við Pípuðeild Tækniskólans.



## Sælureitur Félags pípulagningameistara á Spáni!

Húseignin sem stendur félagsmönnum Félags pípulagningameistara til boða er í Torrevieja á Spáni. Einfaldasta leiðin til að komast þangað er að fljúga beint til Alicante og keyra þaðan til Torrevieja. Húsið er tvær hæðir. Á efri hæð eru tvö svefnherbergi og eitt á neðri hæð ásamt stofu og eldhúsi. Þaksvalur eru á húsinu. Gengið er beint út í sundlaugargarð. 5-6 manns geta gíst í húsinu. Húsið leigist út í 2 vikur frá maí til september, en á öðrum tímum eftir samkomulagi. Upplýsingar á piparinn.is. Burkni Aðalsteinsson hjá spanarhus.is, sími: 861-3053, sér um leigu á húsinu. Heimasíða er spanarhus.is, <http://www.spanarfri.is/eign/skoda/60>.

Eins og vel sést á myndunum hér er ekki í kot vísað. Allur aðbúnaður er til fyrirmyndaðar í húsinu, inni sem úti.





DVGW  
CERT  
CEN EN ISO 15875-3  
CEN EN ISO 15875-5

**NYTT HJÁ Vatnsvirkjanum!**



Jentro®  
Allur fittings úr kopar – Pex-A & Stabíl rör!

# JENTRO pressfittings



**VATNSVIRKINN**  
FAGVERSLUN FYRIR FAGMENN  
Smiðjuvegi 11 – 200 Kópavogur  
Sími 510 1400 – Fax 510 1499 – [www.vatnsvirkinn.is](http://www.vatnsvirkinn.is)



grunnám sem gefur heildarmynd af bygginga- og mannvirkjajafnaði þannig að nemandinn eigi auðveldara með að velja fagsvið að því loknu. Grunnámið veitir einnig undirstöðupekkingu á námsþáttum svo sem: efnisfræði, vélum, áhöldum og öryggismálum. Að grunnámi loknu velja nemendur sérnám í einhverri eftirtalinna greina: Húsasmíði, Húsgagna-

smíði, Málun, Múrsmíði, Pípulagnir, Dúkalagnir & veggfóðrun.

Að lokum er vert að nefna áhugavert samstarf við norska Iðnskólann í Sogndal. Samstarfið hefur staðið frá 2014 og lýkur nú í vetur. Samstarfið hefur falið í því að íslenskir nemendur hafa heimsótt píparskóla í Noregi og sömuleiðis hafa norskir

nemendur komið í heimsókn frá Noregi. Þetta samstarf hefur mælst afar vel fyrir og ekki loku fyrir það skotið að framhald geti oðið á því.

*Böðvar Ingi Guðbjartsson, varaformaður Félags pípulagningameistara og kennari við Pípudeild Tækniskólans.*

# Námið í Meistaraskólanum tekur töluverðum breytingum

Iðnnám er mjög praktískt nám þar sem nemandinn sérhæfir sig í ákveðinni iðn. Námið í pípulögnum er fjögur ár og þar af eru 96 vikur í vinnu undir handleiðslu meistara. Að námi loknu hefur nemandinn leyfi til að fara í sveinspróf sem veitir honum starfsréttindi og að hann megi kalla sig pípulagningamann. Þegar nemendur eru komnir með sveinsréttindin þá byggja menn gjarnan ofan á þann grunn. Sumir fara í Meistaraskólann til að ná sér í meistara- réttindi í sinni iðngrein sem gefur þeim réttindi til að stofna fyrirtæki og kenna það við pípulagnir og taka nemendur á samning. Aðrir fara í tækninám og byggja þá enn meira ofan á þann grunn og svo eru nemendur sem algjörlega sérhæfa sig sem pípulagningamenn og hafa endalaust nóg að gera. Langflestir sækja síðan endurmenntunarnámskeið hjá Iðunni fræðslu- setri sem gerir þá að enn betri fagmönnum.

Í pípudeild Tækniskólans eru tveir sem kenna pípulagnir, undirritaður og Gunnar Ásgeir Sigurjónsson. Undir Tækniskólanum er Byggingatækniskólinn, þar sem kenndar eru meðal annars pípulagnir. Meistaraskólinn hefur tekið nokkrum breytingum. Komin er A, B og C-leið. Allir sem fara í meistaranám byrja á því að fara í A-hlutann. Í A-hlutunum er farið í rekstrar og stjórnunarfög og gæðamál. Síðan tekur B-hlutinn við þar sem nemendur fara inn á sitt sérsvið til að verða iðnmeistarar í sínu fagi. Í C-hlutunum fara þeir sem vilja fá réttindi til að verða byggingastjórar. Búið er að taka út stærðfræði, ensku og íslensku en nemendur þurfa að verða sér út um þau fög á ákveðnum þrepum í meistaranáminu. Breytingar á námi eru oft óhjákvæmilegar þar sem skólinn þarf að taka mið af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu og þ.h. Í janúar 2015 var sett í lög að allir þeir sem eru iðnmeistarar þurfa að vera með gæðakerfi fyrir öll úttekta- skyld verkefni. Meistaraskólinn,

sem er undir Tækniskólanum, þurfti einnig að vísa frá nemendum þar sem fullt var í allar stöður.

*Böðvar Ingi Guðbjartsson, varaformaður FP.*



**NÝJUNG Í SKÓLPHREINSUN**

**Anaerobix rotpró með síu** Verð frá 295.000

- Yfir 90% hreinsun
- Einn tankur, eitt hólf
- Meira pláss fyrir seyru
- Venjuleg rotpró hreinsar 60-70%
- Sía er úr Plastkubbum með stórum fleti (miklu yfirborði)
- Stærðir ein til 19 persónueiningar (ein persónureining, 200 ltr. á sólarhring)
- Hámark afköst 3.750 ltr. á dag
- Sía spúluð um leið og seyra er fjarlægð
- Tankastærðir: 2.700- 3.750- 4.800 og 6.500 lítrar
- Hægt að nýta sem eftirhreinsun við gamlar rotþrær
- Möguleiki á enn meiri hreinsun með siturgöngum, lögðum í t.d. vikur

**Hentar vel fyrir t.d. sumarhús, bændagistingar og heilsárshús**

## Hvammshólar ehf.

Sigurður Viggó Halldórsson, pípulagningameistari  
siggi@hvammsholar.is, Sími: 660 4085



## STOÐ OG STYTТА HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er yðar hagur að skipta við fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is



FRÉTTAPÍP · 7



**RADSON**   
áreiðanlegur hitagjafi

**°C LEVER** LÁGHITA  
MÍÐSTÖÐVAROFNAR

10  
YEAR QUALITY GUARANTEE  
10  
YEAR QUALITY GUARANTEE

10 ára ábyrgð

Mest seldu ofnar  
á Norðurlöndum

**ÍSLEIFUR  
JÓNSSON**

Gæði fara aldrei úr tísku

Dragháls 14 - 16 Sími 4 12 12 00  
110 Reykjavík Fax 4 12 12 01 [www.isleifur.is](http://www.isleifur.is)

**PALLAR.IS**



Ál hjólapallar  
Veggjapallar  
Öryggisnet  
Veðurnet

Seljum Alex  
**altrex** tröppur  
og stiga

**BRIMRÁS** Leigjum út BRIMRÁSAR  
ÁLTRÖPPUR & STIGA

SALA  
LEIGA

**KVARNIR** Sími: 564 6070  
ÁLFHELLU 9 - 221 HAFNARFIRÐI  
► [www.kvarnir.is](http://www.kvarnir.is) ►

Heimspækt vörumerki hjá HAGA

**Honeywell**  
Safety products

Úrval af öryggisvörum: Öryggisskór – Eymatappar  
– Vinnuvettlingar – Öryggisleraugu – Grimur

**Snickers**  
WORKWEAR

Vinnuföt fyrir alla fagmenn



Vinnuvettlingar  
í miklu úrvali fyrir  
allar faggreinar

**MILLER**

by Honeywell  
Fallvarnarbúnaður – Öryggisbúnaður

**HOWARD  
LEIGHT** 

Heyrnarhlífar  
með og án  
útvarps

**Timberland** PRO SERIES  
Vinnuföt og öryggisskór



**HILTI**

HAGI ehf – HILTI á Íslandi  
Stórhöfði 37 - 110 Reykjavík - Sími 414 3700  
Fax 414 3720 - Póstfang: customerservice@hilti.is



Ný kynslóð varmaskipta fyrir  
upphitun og kælingu frá Danfoss

Veldu hagkvæmstu lausnina, varmaskipta með nýju MICRO PLATE™  
plötunum sem gefa 10% betri hitaleiðni en aðrar plötur. Við bjóðum  
upp á fjölda lausna, til upphitunar, fyrir heitt neysluvatn og til kælinga.  
Varmaskiptarnir eru fánlegir í tveimur grunngerðum. Soðnir og boltaðir  
og í mismunandi stærðum fyrir hagkvæmstu lausnina fyrir þínar þarfir.

Við erum eini framleiðandinn í heiminum sem framleiðir tengigrindur og  
varmaskipta ásamt sjálfvirkum stjórnbúnaði fyrir hitakerfi.

ENGINEERING  
TOMORROW

**Danfoss**

**Símenntun í iðnaði**

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt  
námskeið sem í boði eru.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF  
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÖF  
TÖLVUNÁMSKEIÐ  
TÖLVUSTUDD HÖNNUN  
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ  
BÍLGREINASVIÐ  
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ  
MÁL- OG VÉLTÆKNISVIÐ  
PRENTTÆKNISVIÐ

NÁNARI  
UPPLÝSINGAR  
Á IDAN.IS



**IDAN**  
fræðslusetur  
[www.idan.is](http://www.idan.is)